

Námskrá



Múlapingi

Yngsta stig (1.-4. bekkur)

Ábyrgð heimila og skóla

Foreldrar grunnskólabarna bera ábyrgð á námi og ástundun barna sinna. Heimilin geta hjálpað börnunum með lestrarþjálfun, samskipti og heilsueflandi lífshætti sem styrkja börnin almennt sem og í námi sínu í skólanum. Hvíld, mataræði, vangaveltur um tilfinningar eða lausnir mála, jákvæðni, hugarró og hvernig á að taka þátt í daglegu lífi eru mikilvægir þættir sem börnin læra bæði heima og í skólanum. Börnin læra margt af því að fá **tækifæri**: fyrst til að fylgjast með, svo undir **leiðsögn** fullorðinna og síðan á **eigin ábyrgð**. Stundum þarf að endurmeta, breyta lítillega og æfa eitthvað betur áður en börn geta borið ábyrgð sjálf.

Endurtekning er oft nauðsynleg til að ná góðum tókum á nýrri færni.

Góð samvinna milli heimilis og skóla er lykilatriði. Stuðningur á báðum stöðum stuðlar að vellíðan barna, styrkir sjálfsmynd þeirra og eflir alhliða þroska þeirra sem gerir þau einnig að öflugri og öruggari námsmenn í skólanum og í gegnum lífið. Nauðsynlegt er að foreldrar og kennarar finni sterku hliðar barnsins og hjálpa því að rækta þær ásamt því að styrkja betur veikari hliðar þess hvort sem þær snúa að bókviti eða verkviti.

Heimanám er kjörinn vettvangur fyrir foreldra til að fylgjast með barninu sínu sem námsmanni. Heimanám í vetur tengist lestri og lotuvinnu í tengslum við Byrjendalæsi og þær rannsóknir sem nemendur taka sér fyrir hendur. Þó að heimanámið geti verið með ýmsu móti, formlegt og óformlegt, er megintilgangurinn að skapa stund þar sem nemendur og foreldrar geta skoðað og spjallað saman eða nemendur geta fest betur í sessi eitthvað sem þeir hafa lært í skólanum.

Áður en börn hefja grunnskólagöngu eiga foreldrar stærsta þáttinn í lestrarnámi barna sinna með því að vekja áhuga þeirra á bókum, kenna þeim að umgangast bækur, skoða þær og spjalla um innihald þeirra. Til að undirbúa börnin sem best er mikilvægt að foreldrar séu meðvitaðir um hvernig lestur er hluti af daglegu lífi allra og hvetja börn sín frá unga aldri til að taka þátt í alls konar lestri með sér. Fullorðnir eru mikilvægar fyrirmyndir þegar kemur að lestri.

Þegar barn er að hefja formlegt lestrarnám þarf að gefa sér góðan tíma til að lesa og skoða bækur með barninu, velta hljóðum og stöfum fyrir sér og leika sér með tungumálið m.a. með því að spá í merkingu orða, breyta endingum orða og æfa sig að draga rétt til stafs ásamt söng, þulum og rími og „lesa á skilti“ í umhverfinu.

„Heimalestur“ er **mjög mikilvægur, að lágmarki 10-15 mínútur daglega**, einkum upphátt fyrir fullorðinn, systkini, dýr eða dúkku, hvort sem aðeins er um að ræða að þekkja og finna ákveðna stafi eða stauta sig í gegnum orð eftir því sem barnið hefur tók á. Foreldrar og nemendur eru hvattir til að nýta öll möguleg tækifæri heima til að lesa, skrifa og spjalla saman til að auka orðaforða, eftirtekt, færni og skilning. Kennarar geta aðstoðað foreldra með hugmyndir eða efni.

Kennarar senda tölvupóst á foreldra u.þ.b. vikulega með ýmsum hagnýtum upplýsingum um viðburði, verkefni og fleira. Einnig er lögð áhersla á að kennarar hafi samband við foreldra sem fyrst ef eitthvað kemur upp á eða kennari hefur áhyggjur af barni, en einnig stundum með skemmtileg gullkorn úr skólastarfinu og hrós. Auk þess að tilkynna veikindi eða biðja um leyfi fyrir

börn sín eru foreldrar hvattir til að hafa hiklaust samband með fyrirspurnir, þegar þörf er á að fá aðstoð eða hugmyndir, ræða samskipti og líðan barna sinna, spyrja um námið o.s.frv.

Teymi yngsta stigs

Umsjónarkennarar yngsta stigs ásamt stuðningsfulltrúum og sérkennara mynda teymi. Teymið vinnur að skipulagningu og undirbúningi lotuvinnu, kennir stundum öllum nemendum yngsta stigs í sameiginlegum verkefnum, fylgist með samskiptum og líðan nemenda á yngsta stigi og heldur utan um einstaklingsparfir og markmið nemenda. Meðlimir teymisins hafa einnig samráð um námsmat nemenda.

Lotur og samþætting námsgreina

Skólaveturinn skiptist í lotur sem eru oftast 3-4 vikur hver, ákveðnar að mestu leyti í upphafi hvers skólaárs. Í hverri lotu er unnið með ákveðið viðfangsefni (þema). Fjölbreytt verkefni eru unnin með margs konar námsefni og mismunandi nálgun eftir því hvernig viðfangsefnið tengist hinum ýmsu námsgreinum og áherslum skólans sem eru siðvit, bókvit og verkvit. Í upphafi hvers lotu fá foreldrar upplýsingar um hvaða grunnmarkmið eru tengd við vinnu lotunnar ásamt texta og lykilorði sem vinnan byggist á skv. aðferðum Byrjendalæsis (BL). Nokkur dæmi um aðferðir BL eru: að hoppa orð, krossorðaglímur, orð í orði/orð úr orði, orðasúpur, sóknarskrift, hugarkort, gefa/taka, 1-2-9, orðaskuggar, KVL (Kann, Vil vita, Hef lært), söguvegur, flöskustútur, látbragðsleikur, hlusta/herma eftir, bingó o.fl. Reynt er að flétta tölvutækninotkun saman við hvert viðfangsefni með mismunandi hætti, s.s. í upplýsingaleit, æfinga og að læra á ný forrit. Lotuvinnan er unnin með mismunandi hætti, ýmist í heimahópum eða blönduðum hópum (1.4.b.), stundum í hringekju milli stofa og stundum skv. frjálsu vali nemenda.

Í lok 4. bekkjar eiga nemendur að hafa unnið með einhverjum hætti eftirfarandi viðfangsefni:

- Líkaminn
- Tilfinningar
- Fjölskyldan og samfélag
- Barnasáttmálinn, réttindi fólks
- Heimsmarkmiðin
- Umferðin, bíllinn
- Ísland, land og þjóð
- Ísland áður fyrr
- Dýr á Íslandi
- Saga mannkyns
- Jarðfræði, eldgos
- Gróðurlendi
- Sveit og borg
- Hafið og sjávarsíðan
- Hringrásir

- Himingeimurinn
- Tækni, uppfinningar og nýsköpun

List- og verkgreinar

Verkefni í list- og verkgreinum eru oft tengd við lotuvinnu nemenda en einnig eru unnin sjálfstæð verkefni óháð lotum. List- og verkgreinar eru textílmennt, tónmennt, myndmennt, heimilisfræði og smíðar. Þessar námsgreinar eru samþættar og kenndar eftir áföngum hverju sinni. Árgöngum yngsta stigs er blandað saman í mismunandi hópa í list- og verkgreina smíðjum.

Útinám / útivist

Áhersla er lögð á útinám en það er unnið í tengslum við nærsamfélagið og nánasta umhverfi nemenda til að efla umhverfisvitund nemenda og tengja hinar ýmsu námsgreinar við daglegt líf þeirra. Í stundatöflunni er gert ráð fyrir föstum tímum vikulega til útináms þar sem nemendur kynna sér umhverfið sitt, mismunandi veðráttu og efla samskipti sín við skólafélaga sína bæði með skipulögðum verkefnum og samvinnuleikjum auk tíma í frjálsum leik. Einnig eru útifríminútur að lágmarki 30 mínútur daglega og fara nemendur þá í frjálsan leik. Til viðbótar er boðið upp á útiverkefni af ýmsu tagi á mismunandi tímum dags eftir viðfangsefnum. **Því er nauðsynlegt að nemendur séu ávallt tilbúnir til útivistar með klæðnað og skófatnað sem hentar hvers konar veðri!**

Sjálfstæð vinnubrögð, einstaklingsmarkmið og námsmat

Nemendur læra smám saman að fylgjast með vinnu sinni og verkefnaskilum sjálfir og taka síaukinn þátt í að setja sér markmið og skipuleggja nám sitt með kennaranum. Nemendur fá stundum tækifæri til að velja sjálfir viðfangsefni, einstaklingsmarkmið eða leiðir, þó að aðalvinnan byggist á tilteknum grunnmarkmiðum. Nemendur eru hvattir til að nýta fjölbreyttar aðferðir í námi sínu, spyrja spurninga og leita svara, útskýra hugsun sína og vinnuferlið upphátt og kynna vinnu sína fyrir öðrum. Þeir fá ýmist myndræn, munnleg eða skrifleg fyrirmæli og er nám hvers og eins skipt niður og skipulagt eftir þörfum með það að markmiði að þeir verði öruggari að halda sjálfir utan um námsgögn sín og vinnu.

Nemendur safna árlega í svokallaða ferilmöppu verkefnum eða myndum af verkefnum sem þeir hafa unnið yfir skólaveturinn og velja að einhverju leyti sjálfir. Þessi sýnishorn í ferilmöppunni lýsa þannig framförum og áhuga í námi nemandans.

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat. Nemendur og kennarar meta vinnu og stöðu nemenda jafnóðum með formlegum og óformlegum hætti: munnlega, skriflega, með sýnidæmum og upptökum eða kynningum, jafningjamati, gátlistum, stöðluðum skimunum o.s.frv. Nemendur fá tækifæri til að meta árangur sinn í hverri lotu. Reglulega yfir veturinn skrá kennarar færni nemenda rafrænt í Námfús, skráningarkerfi skólans. Þar eru birt hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskóla og geta kennarar og foreldrar fylgst með stöðu hvers nemanda. Mælikvarði virkar

eins og stigi eða tröppur og sýnir á hvaða sviðum nemandi þarfnast frekari þjálfunar eða fleiri tækifæri til að festa ákveðna færni betur og verða sjálfstæðari í námi sín

Hefur náð góðri færni.

A
Nemandi veit sjálfur hvenær og við hvaða aðstæður viðfangsefnið á við eða kemur að gagni. Hann kann að velja sér heppilega leið til að bregðast við og gerir það að eigið frumkvæði. Hann getur leiðbeint öðrum um viðfangsefnið á mismunandi hátt og nýtt sér fleiri tengingar við viðfangsefnið sér til gagns.

Námsmat: Færniþrep = tröppur

B+
Hefur víðari skilning á viðfangsefninu. Tengir fleiri hugtök og tilbúna aðstæður við það og getur brugðist við, sýnt skilning eða nýtt sér þekkingu sína þegar minnt á eða spurður um viðfangsefnið.

B
Skilur hvað felst í viðfangsefninu. Getur útskýrt með eigin orðum og jafnvel nýtt sér hluti eða myndir til að styðja við útskýringu sína.

C+
Skilur grunninn í viðfangsefninu með aðstoð áþreifanlegra hluta eða tilbúinna skýringarmynda eða meðan leiðbeinandi leiðir áfram með áminningum eða vísbendingum.

C
Þekkir viðfangsefnið og getur þulið upp skilgreiningu eða útskýringu utanað.

D
Skilur ekki, hefur ekki heyrt um viðfangsefnið eða á alveg eftir að kynna sér það.

Er á góðri leið.

Þarfnast þjálfunar og tækifæri!

Samstarf við tónlistarskóla og leikskóla

Nemendur á yngsta stigi hafa möguleika á að hefja hljóðfæranám frá 2.bekk í Tónlistarskólanum í Fellabæ sem er staðsettur innan Fellaskóla. Sveigjanleikinn er til staðar til að þeir nemendur sem skráðir eru í slíkt nám geti stundað það sem mest á skólatíma. Þó að tónleikar séu oftast haldnir eftir skólatíma fá nemendur einnig tækifæri til að taka þátt í tónlistaratriðum við ýmsa viðburði Fellaskóla. Tónlistarskólinn sér einnig um „forskóla“ hjá 1.bekk, sem er tónmennt þar sem nemendur taka þátt í verkefnum um takt, tónlist og hljóðfæri.

Elsti árgangur leikskólans Hádegishöfða (5 ára börnin) koma í nokkrar skipulagðar heimsóknir yfir veturinn til að þau börn kynnist skólastarfinu og eigi auðveldara með að aðlagast þegar þau koma í 1.bekk. Nemendur í 1.bekk Fellaskóla fara einnig í heimsóknir til þeirra á leikskólanum. Um vorið koma verðandi 1.bekkingar í 2 heila daga, fylgja yngsta stigi skv. stundatöflu og kallast þeir dagar *Vordagar*.

Hæfniviðmið/meginmarkmið

Hér á eftir er hægt að skoða þau hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskóla sem stefnt er að hjá nemendum við lok 4. bekkjar. Nemendur fá endurtekin tækifæri fyrstu fjögur árin í grunnskóla til að tileinka sér færni, festa hana betur, byggja ofan á og tengja hana við fleiri aðstæður. Þó að vinna nemenda sé sem fyrr segir með fjölbreyttum hætti, samþætting námsgreina mikil, áhersla á tengingu við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og námsmat taki mið af framlagi nemenda á ýmsum sviðum, þá eru viðmiðin hér talin upp eftir námsgreinum því þannig eru þau flokkuð í Námfús. Dæmi eru gefin um námsefni, þó að margt annað sé einnig nýtt sem námsefni eftir viðfangsefnum, aðstæðum og einstaklingsþörfum nemenda. Fyrst eru talin viðmið fyrir lykilhæfni og síðan verða taldar upp námsgreinar í stafrófsröð.

Lykilhæfni

Nemandi geti:

tjáning og miðlun

- hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum.
- tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.

skapandi og gagnrýnin hugsun

- tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.
- greint milli staðreynda og skoðana.
- endurskoðað úrlausn viðfangsefna út frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt.

sjálfstæði og samvinna

- unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.
- gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig þeir nýtast í eigin vinnu og samvinnu með öðrum.
- unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum með því að hlusta á og ræða hugmyndir, taka sameiginlegar ákvarðanir og skipta með sér verkum.
- átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
- tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.

nýting miðla og upplýsinga

- leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum.
- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.
- verið meðvitaður um gildi ábyrgrar netnotkunar.
- undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu.

ábyrgð og mat á eigin námi

- tekið þátt í að skipuleggja með aðstoð eigið nám með hliðsjóna af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

- metið eigin vinnu til að átta sig á því hvar hægt er að bæta og efla sig og vinna markvisst að því.

Enska (erlend tungumál)

Nemandi geti:

menningarläsi

- áttað sig á mikilvægi þess að læra erlend tungumál, þ.m.t. ensku.
- sýnt fram á að hann kunni skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi fólks sem tala önnur tungumál, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á því hvað er líkt og ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu.
- gert sér grein fyrir því að mörg algeng orð í erlendum málum eru lík eða skyld orðum sem hann þekkir á máli sínu.

námshæfni

- nýtt sér hjálpartæki, s.s. orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

hlustun

- skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt.
- fylgt meginþræði í einföldum frásögnum með stuðningi mynda, hluta og líkamstjáningar.

frásögn

- sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.

lesskilningur

- lesið og skilið stuttan texta með grunnorðaförða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum.
- lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og rætt efni þeirra með stuðningi kennara og skólasystkina.

ritun

- skrifað texta með orðaförða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
- lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.

samskipti

- spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

Dæmi um námsefni: Read On, Speak Out, Disney Lærum ensku, Treasury of Nursery Rhymes, o.fl.

Íslenska

Nemandi geti:

lestur og bókmenntir

- lesið lipurt og skýrt.
- ráðið í merkingu orða eða texta út frá samhengi.
- beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, s.s. einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- valið sér lesefni sem hæfir lestrargetu til ánægju og skilnings, s.s. sögur, ljóð og fræðandi efni.

málfræði

- þekkt og fundið helstu einingar málsins, s.s. bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- gert sér grein fyrir hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, s.s. margræðni orða, kyn og tölu.
- búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.

ritun

- skrifað skýrt og læsilega.
- nýtt þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, s.s. upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- samið texta frá eigin brjósti, s.s. sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.
- skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.

talað mál, hlustun og áhorf

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hóp.
- staðið fyrir máli sínu á sanngjarnan og uppbyggilegan hátt.
- greint frá eftirminnilegum atburði, lýst ákveðnu fyrirbæri og endursagt efni sem horft eða hlustað hefur verið á eða lesið um.
- hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva.

Dæmi um námsefni: Lestrarbækur frá Námsgagnastofnun, forskriftarbækur, valdir textar til grundvallar í BL, frjálslestrarbækur, Komdu og skoðaðu bækur, textar í tengslum við norrænu bókmenntavíkuna

Íslenska sem annað mál / málörvun

Nemandi geti:

þekking

- bætt við orðaforða sinn á íslensku í tengslum við þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir hverju sinni.
- tengt fleiri orð við þau orð sem nemandi ræður þegar við.

sjálfstraust og þátttaka

- skilið þegar aðrir ræða eða spyrja um viðfangsefnið.
- undirbúið sig til að taka þátt í umræðum um viðfangsefnin, með því að hafa heyrt og kynnt sér hugtökin sem þarf að nota.

List- og verkgreinar

Það sem sameinar list- og verkgreinar er áhersla á verkunnáttu, tækni, sköpun, fagurfræði og gildi, efnisþekkingu, líkamsbeitingu, túlkun og tjáningu. List- og verkgreinar eru kenndar í lotum og samþættum kennslustundum þar sem myndmennt, textílmennt, smíði og aðrar listgreinar eru kenndar saman en út frá markmiðum greinasviða.

Heimilisfræði

Nemandi geti:

matur og lífshættir

- farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
- valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan

matur og vinnubrögð

- farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsahöld
- sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi
- útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir

Dæmi um námsefni: Ljósrit, uppskriftir og efni frá kennara.

Hönnun og smíði

Nemandi geti:

Handverk:

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt
- gert grein fyrir nokkrum smíðaeignum sem unnið er með
-

hönnun og tækni:

- dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar
- greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir

umhverfi:

- valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi
- sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með
- beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar

Dæmi um námsefni: Blómapressa.

Sjónlistir (myndmennt)

Nemandi geti:

- skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar
- skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum
- nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar
- greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka

Dæmi um námsefni: Vinnum verkefni í samstarfi við handmennt og smíði. Vinnum með litahringinn og ýmis þrívíð og tvívíð verkefni.

Tónmennt

Nemandi geti:

- þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun.
- Leikið einfalda rytma og þrástef á skólahljóðfræði.
- Greint einföld stílbrigði í tónlist.
- Rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun

Dæmi um nám/ verkefni: Verkefni unnin með hjóð, takt, samspil og skapandi leiðir í tónsköpun og túlkun.

Textílmennt

Nemandi geti:

handverk, aðferðir og tækni

- notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum
- unnið úr nokkrum gerðum textílefna
- unnið eftir einföldum leiðbeiningum

menning og umhverfi

- sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt
- notað ný og endurunnin efni í textílvinnu

sköpun, hönnun og útfærsla

- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu
- skreytt textílvinnu á einfaldan hátt
- gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni

Dæmi um námsefni: Útsaumur, klippa, líma, þæfa, vefa, mála/stimpla m. Textillitum , prjóna o.fl.

Náttúrugreinar

Nemandi geti:

ábyrgð á umhverfinu

- tekið eftir, skoðað og rætt atriði í umhverfi sínu.
- gert sér grein fyrir samspili manns og náttúru.
- rætt um Heimsmarkmiðin, tilgang þeirra og leiðir sem stuðla að bættu umhverfi og samfélagi manna.

geta til aðgerða

- sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.

gildi og hlutverk vísinda og tækni

- miðlað í máli og myndum hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.
- útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi, þ.e. áhrif uppfinninga á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum.

nýsköpun og hagnýting þekkingar

- komið auga á þarfir eða vandamál í umhverfi sínu.
- unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að og greint frá þörf, fundið lausn, hannað afurð og komið á framfæri.

vinnubrögð og færni

- skráð atburði og athuganir með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum o.þ.h.
- framkvæmt og sagt frá einföldum athugunum úti og inni.

að búa á jörðinni

- sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum.
- lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks.
- gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.
- sagt frá dæmum um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir.

heilbrigði umhverfisins

- greint frá og tekið þátt í leiðum til að vernda náttúruna, s.s. að flokka og endurvinnna úrgang, minnka neyslu, tína rusl á víðavangi, rækta, nota náttúruleg efni og endurnýta hluti.
- gert sér grein fyrir áhrifum náttúrulegra ferla / hringrásra á umhverfið.
- sett í samhengi mismunandi ástand algengra efna og eiginleika þeirra.
- rætt krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna.

lífsskilyrði manna

- útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannslíkamans.
- útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.
- bent á skaðleg efni og skilið hvernig sjúkdómar og sýklar eru smitandi.
- útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans.
- gert sér grein fyrir upptöku og notkun vatns.
- lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi.
- lýst áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og hvernig sólin og hitastig tengist daglegu lífi.

náttúra Íslands

- útskýrt einkenni lifandi vera, lífsskilyrði lífvera og tengsl þeirra við umhverfið.
- lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.
- greint á milli algengustu orkugjafa á Íslandi.
- sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.

samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- gert greinarmun á náttúrulegum efnum og gerviefnum.
- lýst eiginleikum hljóðs, ljóss og ýmsum fyrirbærum með tilliti til hljóðs og lita.
- greint frá áhrifum rafmagnsnotkunar og segla í daglegu lífi.

Dæmi um námsefni: Komdu og skoðaðu bækur, sögurammi um Blómin á þakinu, sögurammi Sagan á Suðurnesjum, Verkstaði Villa, tilraunabækur, Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, valdir textar til grundvallar í BL o.fl

Samfélagsfræðigreinar

Nemandi geti:

reynsluheimur: umhverfi, samfélag, saga, menning: að skilja veruleikann

- borið kennsl á gildi, s.s. virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.
- áttað sig á notagildi landakorta.
- sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú.

- áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu.
- bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins.
- áttað sig á gildi samhjálpur í samfélaginu.
- áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi og gegnir mörgum mismunandi hlutverkum.
- lýst kostnaði vegna eigin neyslu og skilið hvernig tilboð og auglýsingar hvetja til útgjalda og neyslu.
- varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.

hugarheimur: sjálfsmynd – að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
- bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim.
- gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar má efla sig betur.
- bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif.
- áttað sig á og lýst líðan sinni með mismunandi tilfinningum.
- gert sér grein fyrir því að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans og hann getur haft stjórn á sumum en ekki öllum.
- sett sig í spor annarra.

félagsheimur: samskipti – að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- áttað sig á því að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum m.t.t. uppeldis, trúar, siða, venja o.fl.
- rætt um réttindi sín og skyldur í samfélaginu og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum og að jafnt þýðir ekki endilega nákvæmlega eins.
- sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.

Dæmi um námsefni: Komdu og skoðaðu bækur, sögurammi um Blómin á þakinu, sögurammi Sagan á Suðurnesjum, Litlu landnemarnir, jóladagatal SOS Barnaþorpanna, Barnasáttmáli og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, valdir textar til grundvallar í BL o.fl.

Skólaíþróttir

Nemandi geti:

félagslegir þættir

- upplifað skólaíþróttir á jákvæðan og skemmtilegan hátt
- tekið þátt í leikjum sem styrkja samskipti og samvinnu nemendatekið þátt í leikjum sem styrkja samskipti og samvinnu nemenda
- tekið þátt í fjölbreyttum leikjum sem eflt hafa sjálfstraust, viljastyrk og áræði

heilsa og efling þekkingar

- tekið þátt í umræðu um gildi hreyfingar fyrir sál og líkama
- tileinkað sér helstu skipulagsform í skólaíþróttum

líkamsvitund, leikni og afkastageta

- tekið þátt í einföldum æfingum og leikjum sem ná til samspils skynfæra og útfærslu hreyfinga
- vald á helstu grunnhreyfingum
- tekið þátt í fjölbreyttum leikjum og æfingum sem veitt hafa útrás fyrir hreyfipörf
- tekið nokkur stöðluð próf til að meta líkamshreysti hans og liðleika

öryggis- og skipulagsreglur

- tileinkað sér þær reglur og fyrirmæli sem í gildi eru í skólaíþróttum

Stærðfræði

Nemandi geti:

að geta spurt og svarað með stærðfræði

- tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett þær fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og rökstuðningi og fylgt rökstuðningi jafningja.
- sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.

að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- notað hugtök og táknmál úr stærðfræði og hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna og samræðu um stærðfræðileg viðfangsefni.
- notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra.

algebra

- kannað, búið til og tjáð sig um reglur í mynstrum á fjölbreyttan hátt.
- leyst einfaldar jöfnur.

rúmfræði og mælingar

- notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.

tölfræði og líkindi

- safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.

- talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp einföld myndrit.

tölur og reikningur

- notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- notað tugakerfisrithátt.
- útskýrt tengsl á milli talna, t.d. tíu vini og námundun.
- eftl skilning sinn á mismunandi aðferðum við samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu.
- leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- nefnt og sýnt dæmi um hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi.

vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, m.þ.a. nota hlutbundin gögn, teikningar o.fl.
- kannað og rannsakað m.þ.a. setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum.
- lesið og rætt um einfaldar upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi, s.s. verðgildi peninga, líkur á að eitthvað gerist, jafnvægi/ójafnvægi o.fl.

Dæmi um námsefni: Sprotti, Viltu reyna, Stefnum á margföldun og deilingu, Math Matters (stærðfræðisögur), valdir textar til grundvallar í BL (tengdir t.d. með opnum umræðum, áskorunum, töfluprófessorum og talningu í kór) o.fl.

Upplýsinga- og tæknimennt

Nemandi geti:

siðferði og öryggismál

- farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun.
- velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.

sköpun og miðlun

- notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.
- endursagt efni á rafrænu formi.

tækni og búnaður

- notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.
- notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna.

upplýsingaöflun og úrvinnsla

- leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.

- nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.
- unnið með heimildir.

vinnulag og vinnubrögð

- notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.
- nýtt rafrænt efni, bæði lesið efni og efni sem hlustað er á, til gagns í vinnu og ánægju.
- beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu.
- gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun tæknibúnaðar.

Miðstig (5.-7. bekkur)

Ábyrgð heimila og skóla

Foreldrar grunnskólabarna bera ábyrgð á námi og ástundun barna sinna. Heimilin geta hjálpað börnunum með lestrarþjálfun, samskipti og heilsueflandi lífshætti sem styrkja börnin almennt sem og í námi sínu í skólanum. Hvíld, mataræði, vangaveltur um tilfinningar eða lausnir mála, jákvæðni, hugarró og hvernig á að taka þátt í daglegu lífi eru mikilvægir þættir sem börnin læra bæði heima og í skólanum. Börnin læra margt af því að fá **tækifæri**: fyrst til að fylgjast með, svo undir **leiðsögn** fullorðinna og síðan á **eigin ábyrgð**. Stundum þarf að endurmeta, breyta lítillega og æfa eitthvað betur áður en börn geta borið ábyrgð sjálf.

Endurtekning er oft nauðsynleg til að ná góðum tökum á nýrri færni.

Góð samvinna milli heimilis og skóla er lykilatriði. „Heimalestur“ er **mjög mikilvægur, að lágmarki 30 mínútur daglega**, hvort heldur sem er í hljóði og/eða upphátt fyrir fullorðinn, systkini eða jafnvel gæludýr. Mikilvægt er að skapa umræður og samtal um það sem lesið er því það eykur orðaforða og lesskilning. Lestur er undirstaða alls náms og mikilvægt að þjálf hann reglubundið. Rannsóknir sýna fram á mikilvægi þess í námsframvindu að börn fái hvatningu og rækt við lestur bæði heima og í skólanum. Nemendur sem komast á það stig að lestur verður partur af daglegu lífi þeirra, öðlast aukinn orðaforða, efla skilning og öðlast jákvæðara viðhorf, sem er mikilvæg undirstaða í öllu öðru námi. Í skólanum lesum við margs konar texta eftir getu hvers og eins; námstexta, auk þess sem við lesum okkur til ánægju og reynum að skapa umræðu um bækur og lestur. Við hvetjum nemendur til þess að lesa heima það sem þau hafa áhuga á og teljum mikilvægt að foreldrar hafi samband við okkur ef við getum hjálpað til við að kveikja og/eða viðhalda lestraráhuga. Hljóðbækur koma líka að góðu gagni við að efla hlustun, orðaforða, lesskilning og samræðu og er kjörin viðbót í lestrarþjálfun.

Teymi miðstigs

Umsjónarkennarar miðstigs ásamt öðrum kennurum og stuðningsfulltrúum miðstigs mynda teymi. Teymið vinnur að skipulagningu og undirbúningi samþættrar lotuvinnu, útikennslu og annarra sameiginlegra verkefna. Teymið vinnur með samskipti nemendahópsins og stuðlar að fjölbreyttri hópaskiptingu í vinnu nemenda.

Lotur

Skólaveturinn skiptist í lotur sem skiptast á að vera hefðbundnar lotur og samþættrar lotur. Í hefðbundinni lotu er áhersla á hverja námsgrein fyrir sig; innlagnir, stigvaxandi sjálfsábyrgð nemandans í að vinna eftir áætlun og aukin áhersla á skipulagningu eigin verka. Í samþættri lotu er áhersla á samþættingu margra námsgreina út frá einu viðfangsefni þar sem fjölbreytt verkefni eru unnin með margs konar námsefni og mismunandi nálgun eftir því hvernig viðfangsefnið tengist

hinum ýmsu námsgreinum. Ennfremur er leitast við að tengja viðfangsefni áherslum skólans sem eru **siðvit**, **bókvit** og **verkvit**. Í upphafi hverrar samþættrar lotu fá nemendur upplýsingar um hvaða grunnmarkmið eru tengd við vinnu lotunnar. Unnið er með fjölbreytta texta, í hringekjum, stöðvum og mismunandi hópum, með ýmis verkfæri sem þau hafa áður lært að nota, t.d. hugarkort, hugstormun, krossglímu, samræður og fleiri leiðir til hjálpar við túlkun og úrvinnslu. Ennfremur er reynt að stuðla að ríkulegum bókakosti í tengslum við hvert viðfangsefni og notkunar tölvutækni, s.s. í upplýsingaleit og ritun.

Í lok 7. bekkjar eiga nemendur að hafa unnið með einhverjum hætti eftirfarandi viðfangsefni:

- **Réttindi og skyldur manna:** Barnasáttmálinn, Heimsmarkmiðin, Stríð, friður og fordómar, starfsemi samtaka sem vinna að mannúð og velferð.
- **Lönd heimsins:** Ísland, Norðurlöndin, Norðurskautið, Lönd Evrópu.
- **Saga Íslands:** Víkingaöld, Sturlungaöld – Snorri Sturluson, Miðaldir, Lýðræði
- **Náttúrufræði:** líkami og heilsa, fuglar, gróður og plöntur, ár og vötn, eldur og ís, hringrás, veðurfar, hafið, umhverfismál - loftslagsmál, nýsköpun, tækni og lausnir.

List- og verkgreinar

Verkefni í list- og verkgreinum eru oft tengd við lotuvinnu nemenda en einnig eru unnin sjálfstæð verkefni óháð lotum. List- og verkgreinar eru textílmenn, tónmennt, myndmennt, heimilisfræði og smíðar. Árgöngum er blandað saman og skipt er í fjóra hópa þar sem hver hópur er þá aldursblandaður. List- og verkgreinar skiptast í 4 lotur þar sem hver og einn hópur klárar þá ákveðna grein áður en skipt er yfir í aðra grein.

Sjálfstæð vinnubrögð, einstaklingsmarkmið og námsmat

Nemendur læra smám saman að fylgjast með vinnu sinni og verkefnaskilum sjálfir og taka síaukinn þátt í að setja sér markmið og skipuleggja nám sitt með kennaranum. Nemendur fá stundum tækifæri til að velja sjálfir viðfangsefni, einstaklingsmarkmið eða leiðir, þó að aðalvinnan byggist á tilteknum grunnmarkmiðum. Nemendur eru hvattir til að nýta fjölbreyttar aðferðir í námi sínu, spyrja spurninga og leita svara, útskýra hugsun sína og vinnuferlið upphátt og kynna vinnu sína fyrir öðrum. Þeir fá ýmist myndræn, munnleg eða skrifleg fyrirmæli og er nám hvers og eins skipt niður og skipulagt eftir þörfum með það að markmiði að þeir verði öruggari að halda sjálfir utan um námsgögn sín og vinnu.

Nemendur safna árlega í svokallaða ferilmöppu verkefnum eða myndum af verkefnum sem þeir hafa unnið yfir skólaveturinn og velja að einhverju leyti sjálfir. Þessi sýnishorn í ferilmöppunni lýsa þannig framförum og áhuga í námi nemandans.

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat. Nemendur og kennarar meta vinnu og stöðu nemenda jafnóðum með formlegum og óformlegum hætti: munnlega, skriflega, með sýnidæmum og upptökum eða kynningum, jafningjamati, gátlistum, stöðluðum skimunum o.s.frv. Nemendur fá tækifæri til að meta árangur sinn í hverri lotu. Reglulega yfir veturinn skrá kennarar færni

nemenda rafrænt í Námfús, skráningarkerfi skólans. Þar eru birt hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskóla og geta kennarar og foreldrar fylgst með stöðu hvers nemanda. Mælikvarðinn virkar eins og stigi eða tröppur og sýnir á hvaða sviðum nemandi þarfnast frekari þjálfunar eða fleiri tækifæri til að festa ákveðna færni betur og verða sjálfstæðari í námi sínu.

Hefur náð góðri færni.

Nemandi veit sjálfur hvenær og við hvaða aðstæður viðfangsefnið á við eða kemur að gagni. Hann kann að velja sér heppilega leið til að bregðast við og gerir það að eigið frumkvæði. Hann getur leiðbeint öðrum um viðfangsefnið á mismunandi hátt og nýtt sér fleiri tengingar við viðfangsefnið sér til gagns.

A

Námsmat: Færniþrep = tröppur

Hefur víðari skilning á viðfangsefninu. Tengir fleiri hugtök og tilbúna aðstæður við það og getur brugðist við, sýnt skilning eða nýtt sér þekkingu sína þegar minnt á eða spurður um viðfangsefnið.

B+

Skilur hvað felst í viðfangsefninu. Getur útskýrt með eigin orðum og jafnvel nýtt sér hluti eða myndir til að styðja við útskýringu sína.

B

Skilur grunninn í viðfangsefninu með aðstoð áþreifanlegra hluta eða tilbúinna skýringarmynda eða meðan leiðbeinandi leiðir áfram með áminningum eða vísbendingum.

C+

Er á góðri leið.

Þekkir viðfangsefnið og getur þulið upp skilgreiningu eða útskýringu utanað.

C

Skilur ekki, hefur ekki heyrt um viðfangsefnið eða á alveg eftir að kynna sér það.

D

Þarfnast þjálfunar og tækifæri!

Útinám og Útikennsla

Útinám og útikennsla má samþætta við flestar námsgreinar með því að finna viðfangsefni sem tengjast íslensku, stærðfræði, tungumál, verk og listgreinar með áherslu á lífsleikni, samfélags- og náttúrugreinar. Greinarmunur er gerður á útinámi og útikennslu.

Útinám

Útivera að lágmarki einu sinni í viku allan veturinn, sama hvernig viðrar. Áhersla á upplifun og munnlega tjáningu, þátttöku og virkni á stað og stund, einstaklingslega og sem hluti af

heild. Aldrei krafa um skriflega vinnu eftir að inn í kennslustofu er komið; þannig finna þeir sem lakar standa í bóklegu eða skriflegu námi síður fyrir vanmætti sínum á því sviði og geta notið útinámsins á eigin forsendum.

Viðfangsefni m.a. klæðnaður eftir veðri, gönguferðir, frjálsir og námstengdir leikir, stjórnun, þátttaka, athuganir, vangaveltur, samræður, eftirtekt með augum og eyrum, sem og tilfinning fyrir stað og stund.

Markmið að nemandi geti:

- eftir með sér vitund og virðingu fyrir sjálfum sér, hópnum og umhverfi sínu.
- aukið hæfni sína til samvinnu og ræktað með sér samkennd.

Námsmat: Virkni og þátttaka - sjálfsmat, jafningjamat og leiðsagnarmat.

Útikennsla

Útikennsla 2 kennslustundir á viku á Verndarsvæði eða öðru hentugu kennslusvæði utandyra. Kennarastýrð og sjálfstæð vinna á stöðvum eða í hringekju. Nemendum skipt í hópa (4-6 í hverjum). Viðfangsefni m.a. tálgun, umhirða svæðisins, samræður, orðaforði, skapandi skrif, rannsóknarvinna, námsleikir og þrautir.

Stundum má líka hafa uppbrot á þessari vinnu með því að skipta um stöðvar og setja inn frjálsan leik eða kveikja varðeld og grilla brauð á priki, hita kakó eða steikja lummur, svo fátt eitt sé nefnt.

Markmið að nemendur

- geti nýtt verklega og munnlega hæfni við lausn viðfangsefna.
- efli með sér náttúruvitund, heilbrigði og hreysti.
- þjálfist í útiveru, leikjum, sérstaklega samvinnuleikjum.
- þjálfist í að stjórna leikjum með virðingu fyrir hver öðrum að leiðarljósi.
- læri að þekkja sitt nærumhverfi, örnefni, áttir, helstu kennileiti og náttúrufyrirbæri í þeirra nánasta umhverfi.
- læri að klæða sig eftir veðri.

Námsmat: Virkni og þátttaka, afrakstur nemenda - kennara, jafningja og nemendamat.

Samstarf við tónlistarskóla

Tónlistarskólinn í Fellabæ er staðsettur innan Fellaskóla og hafa nemendur sem skráðir eru í tónlistarnámi tækifæri til þess að sækja tíma í sínu tónlistarnámi á skólatíma grunnskólans. Samvinnan byggir á sveigjanleika sem felst í því að nemendur eru teknir úr kennslu í grunnskólanum í samráði við nemanda og umsjónarkennara. Mikilvægt er að nemandi læri að temja sér viðhorf til aukinnar ábyrgðar í námi í þeim tilfellum þar sem þeir eru teknir út úr tíma. Foreldrar eru beðnir að ræða við sitt barn og styrkja viðhorf þess til sjálfstæðis og ábyrgðar. Samstarf grunnskólans og tónlistarskólans hefur verið ríkur þáttur í skólalífi grunnskólans til margra ára, t.d. á árshátíðum.

Hæfniviðmið/meginmarkmið

Hér á eftir er hægt að skoða þau hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskóla sem stefnt er að hjá nemendum við lok 7. bekkjar. Nemendur eiga að fá endurtekin tækifæri á grunnskólagöngu sinni til að tileinka sér færni, festa hana betur, byggja ofan á og tengja hana við fleiri aðstæður. Þó að vinna nemenda sé sem fyrr segir með fjölbreyttum hætti, samþætting námsgreina mikil, áhersla á tengingu við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og námsmat taki mið af framlagi nemenda á ýmsum sviðum, þá eru viðmiðin hér talin upp eftir námsgreinum því þannig eru þau flokkuð í Námfús. Dæmi eru gefin um námsefni, þó að margt annað sé einnig nýtt sem námsefni eftir viðfangsefnum, aðstæðum og einstaklingsþörfum nemenda. Fyrst eru talin viðmið fyrir lykilhæfni og síðan verða taldar upp námsgreinar í stafrófsröð.

Lykilhæfni

Nemandi geti:

tjáning og miðlun

- hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum, byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.
- tileinkað sér hugtök og aukinn orðaforða sem tengist umræðu hverju sinni.
- tjáð hugsanir, skoðanir og tilfinningar með skipulögðum hætti með mismunandi framsetningu.

skapandi og gagnrýnin hugsun

- tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu, spurt spurninga og nýtt svör til úrlausna og frekari skrifu.
- áttað sig á mismunandi túlkun og greint milli staðreynda og skoðana með rökum.
- endurskoðað úrlausn viðfangsefna og vegið og metið hvort aðferðir í verkefnum hafi borið árangur.
- tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.

sjálfstæði og samvinna

- gert sér í auknu mæli grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og gengið til verka í samræmi við það.
- gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig þeir nýtast til sjálfsefningar í eigin vinnu og samvinnu með öðrum.
- unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skólans.
- átt góð samskipti, hlustað og komið fram af kurteisi.
- tekið leiðsögn með uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.
- nýting miðla og upplýsinga
- leitað og nýtt sér margvíslegar upplýsingar í námi í ólíkum miðlum.
- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga, til persónulegra nota og í verkefnavinnu.

- verið meðvitaður um gildi ábyrgrar netnotkunar og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð.
- notað ýmsa miðla til undirbúnings, þróunar, nýsköpunar og framsetningar á eigin vinnu.

ábyrgð og mat á eigin námi

- skipulagt með viðeigandi aðstoð eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.
- metið eigin vinnu til að átta sig á styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi.
- sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim.

Danska

Nemandi geti:

Hlustun

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verki.
- Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta.

Lesskilningur

- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.

Samskipti

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.
- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

Frásögn

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.
- Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann/hún hefur haft tækifæri til að æfa.

Ritun

- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista
- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.

- Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.
- Samið stuttan texta frá eigin brjosti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv

Menningarlæsi

- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld orðum sem hann þekkir.
- Sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra.
- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.

Námshæfni

- Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.
- Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur.
- Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.
- Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.
- Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

Enska

Nemandinn geti:

Málfræði:

- Fylgt algengustu málfræðireglum í ensku s.s. ákveðnum / óákveðnum greini, sögninni to be í nútíð og þátíð, persónufornöfnum, spurnarfornöfnum, eignarfornöfnum, eignarfalls s, forsetningum og frumtölum.

Hlustun:

- Skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf, sem og málefni sem efst eru á baugi hverju sinni
- Skilið samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi
- Fylgt þræði í fjölmiðlaefni, einkum þess sem höfðar til hans
- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur

Lestur:

- lesið sér til gagns auðlesna texta um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengal orðaforða
- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða tímarita og netmiðla og fjallað um efni þeirra
- Fundið lykilupplýsingar í texta til að nota í verkefnavinnu

Samskipti

- Sýnt að hann sé nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel til, beiti máli og áherslum af nokkru öryggi, skilji og noti algengustu orðasambönd daglegs máls
- tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf
- bjargað sér við algengar aðstæður s.s. í verslunum og veitingastöðum o.fl.
- notað málið í kennslustundum t.d. í viðtölum o.fl.

Ritun:

- Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar og sýnt allgóð tök á daglegum orðaforða
- Skapað texta með góðu samhengi

Talað mál/frásögn:

- tjáð sig sæmilega örugglega um dagleg málefni og hluti sem þeim við koma á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð og orðaval.
- Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum
- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi ýmissa miðla
- Flutt einfalda undirbúna kynningu, sögu o.fl.

Námshæfni

- Nemandi geri sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf.

Námsefni og námsmat

Í 7. bekk er kennslubókin Action lögð til grundvallar, lesbók og vinnubækur A og B. Einnig vinna nemendur í málfræðihefti B og C og jafnvel Write Right. Vefmiðlar og námsefni á netinu verður einnig notað í kennslunni. Fjölbreyttar kennsluáðferðir eru lagðar til grundvallar, s.s. hlustunar- og talæfingar, rök- og samræður um ýmis hugðarefni, lestur og ritun auk hefðbundinnar vinnubókarvinnu. Námsmat verður einnig fjölbreytt, lagt verður mat á verkefni ýmskonar, munnleg próf, ritun auk hefðbundinna kannana. Enskan er einnig samþætt þeirri lotu-/þemavinnu sem fer fram hér á miðstigi og er lýst annarsstaðar. Athugið að þó ákveðið námsefni sé lagt til grundvallar í meginatriðum, þá er kennslan einstaklingsmiðuð og mismunandi hve djúpt eða hratt nemendur fara yfir námsefnið. Reynt er að finna leið sem hentar hverjum og einum.

Íslenska

Nemandi geti:

lestur og bókmenntir

- lesið lipur, af öryggi með skýrum framburði og hugað að leikrænum lestri með áherslu á upplestur.
- notað þekkingu, eigin reynslu og vaxandi orðaforða við lestur og skilning á texta.

- greint og notað hugtök sem tengjast bókmenntum, sögugerð og ljóðlist, s.s. uppbygging, sjónarhorn, sögusvið, boðskapur, myndmál, rím, höfuðstafi, hrynjandi, hefðbundið og óhefðbundið.
- lesið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær í samhengi við ákveðin viðfangsefni.
- valið sér fjölbreytt lesefni til lestrar eða hlustunar, til ánægju og skilnings, s.s. sögur, ljóð, mismunandi gerðir bókmenntatexta og fræðandi efni.

málfræði

- notað vaxandi orðaforða í samræðu og ritun og nýtt málfræðikunnáttu í vinnu með íslenska tungu.
- nýtt kunnáttu og færni til að fletta upp merkingu orða í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um málið.
- notað og greint helstu einkenni orða, s.s. nafnorða, sagnorða, lýsingarorða, atviksorða, fornafna og smáorða og áttað sig á því að orðaforði skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð.
- leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, s.s. margræðni orða, orðtök, málshætti og nýyrði og áttað sig á notagildi þeirra í texta.
- beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar og málsgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.
- notað vaxandi þekkingu sína á málfræðilegum hugtökum í umræðu um tungumálið, talað og ritað.

ritun

- skrifað læsilega og af öryggi, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu og gengið frá texta til útprentunar og skila.
- nýtt þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, valið textategund, skipulagt og orðað texta, s.s. sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli eftir því sem við á hverju sinni.
- samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, tjáð hugmyndir sínar og eigin reynslu og deilt því með öðrum.
- beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar.
- lesið texta og skoðað hann út frá stíl höfundar, nýtt við eigin ritun og vísað til heimilda.
- skrifað texta með ákveðinn lesendahóp í huga og leyft öðrum að njóta með því að lesa textann upphátt og/eða leyfa öðrum að lesa.

talað mál, hlustun og áhorf

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði, hugað að leikrænum lestri með áherslu á upplestur.
- tjáð eigin skoðanir og tilfinningar, staðið fyrir máli sínu á sanngjarnan og uppbyggilegan hátt.
- tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.
- hlustað af athygli og notað þekkingu sína og reynslu til þess að efla skilning, t.d. greint aðalatriði texta og dregið ályktanir.

- nýtt sér námsefni, myndefni og rafrænt efni á gagnrýnninn hátt.

Dæmi um námsefni: Lestrarbækur frá Námsgagnastofnun; t.d., Óskasteinn, Sögusteinn og Völusteinn, Flökkuskinna, Söguskinna og Töfraskinna. Forskriftarbækur, Orðaspor 1-3 lesbækur og vinnubækur, Málrækt, valdir kaflar úr bókmenntum og textar í tengslum við Norræna bókmenntaviku, vef mms.is, Skólavefinn og fleira námsefni á netinu.

List- og verkgreinar

Það sem sameinar list- og verkgreinar er áhersla á verkkunnáttu, tækni, sköpun, fagurfræði og gildi, efnisþekkingu, líkamsbeitingu, túlkun og tjáningu. List- og verkgreinar eru kenndar í lotum og samþættum kennslustundum þar sem myndmennt, textílmennt, smíði og aðrar listgreinar eru kenndar saman en út frá markmiðum greinasviða.

Heimilisfræði

Nemandi geti:

matur og lífshættir

- farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
- valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan

matur og vinnubrögð

- farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld
- sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi
- útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir

Dæmi um námsefni: Ljósrit, uppskriftir og efni frá kennara

Hönnun og smíði

Nemandi geti:

handverk

- valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.

hönnun og tækni.

- lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið frá hugmynd að lokaafurð

- samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum

umhverfi

- greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir

Dæmi um námsefni: Teiknispjald með klemmu, standur fyrir uppskriftabók.

Sjónlistir (myndmennt)

Nemandi geti:

sjónlistir

- byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu
- unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk
- gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar
- notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun

Dæmi um námsefni: Vatnslitir og teikniblýanta. Myndir unnar eftir fyrirmynd, leir og þrívíddarmótun.

Textílmennt

Nemandi geti:

handverk, aðferðir og tækni

- beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar
- fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum
- unnið með einföld snið og uppskriftir

menning og umhverfi

- gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruvænna og gerviefna
- gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum

sköpun, hönnun og útfærsla

- þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli
- notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla
- nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.

Dæmi um námsefni: Þrjón, hekl, útsaumur, vélsaumur, hnýtingar, þæf o.fl.

Náttúrufræði

Að nemandi geti:

Vinnubrögð og færni

- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni
- beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda
- sett fram og rætt niðurstöður á skýran hátt

Ábyrgð á umhverfi

- tekið eftir og rætt atriði í nánast umhverfi og áhrifum þess á lífsgæði íbúa
- lýst dæmum um áhrif mannsins á náttúruna komið með tillögur til úrbóta

Að búa á jörðinni

- gera sér grein fyrir sérstöðu Íslands hvað varðar loftslag, veðráttu, jarðfræði, o.fl.
- geta lýst landinu af myndum, korti og slíkum heimildum.
- þekkja hvernig ræktað land er notað, þekkja gróðurfar og verndun gróðurlendis.

Lífskilyrði manna

- lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum.
- lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.
- útskýrt lífskilyrði manna og helstu áhættuvalda.
- lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna lífs á jörðu.
- Náttúra Íslands
- þekkja algengar plöntur og helstu dýr í íslenskri náttúru og samspil þeirra
- lýst ólíkum vistkerfum á Íslandi
- lýst hvernig orka fyrirfinnst á Íslandi
- lýst helstu náttúruhamförum Íslandi og hvar þeirra er að vænta

Heilbrigði umhverfisins

- þekkt helstu auðlindir Íslands og hvernig þær eru notaðar
- þekkt til flokkunar úrgangs
- þekkt helstu efnabreytingar og hamskipti

Samspil vísinda tækni og þróunar í samfélaginu

- lýst bylgjuhreyfingum og rætt nýtingu hljóðs og ljóss
- lýst hvernig rafmagn verður til og lýst eiginleikum segla og notkun þeirra

Dæmi um námsefni: Náttúrulega 1, Hugur og heilsa, Líf á landi, Væri ég fuglinn frjáls og Plöntuhandbókin.

Samfélagsfræðigreinar

Samfélagsfræðigreinar skiptast í meginatriðum í sögu og landafræði. Sérstaklega sögu Íslands, og landafræði þess.

Nemandi geti:

umhverfi, samfélag, saga, menning: að skilja veruleikann

- Synt fram á skilning á mikilvægum gildum s.s. kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum og lífverum
- nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.
- áttað sig á notagildi landakorta og notað þau í hagnýtum tilgangi
- sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú og geta borið saman samfélagsgerð fyrri alda við nútímann
- Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði
- Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu menningu og félagsstarf
- bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu
- Lýst náttúruferlum sem áhrif hafa á land og gróður
- bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins og hlutverk þeirra

sjálfsmynd: að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu
- bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
- bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim.
- gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar má efla sig betur.
- bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif.
- áttað sig á og lýst líðan sinni með mismunandi tilfinningum.
- gert sér grein fyrir því að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans og hann getur haft stjórn á sumum en ekki öllum.
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum

samskipti: að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu
- áttað sig á því að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum m.t.t. uppeldis, trúar, siða, venja o.fl.
- rætt um réttindi sín og skyldur í samfélaginu og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- áttað sig í gildi jafnréttis í daglegum samskiptum og að jafnt þýðir ekki endilega nákvæmlega eins.
- sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.

Dæmi um námsefni: Ísland hér búum við, Landskortabók, ýmislegt sögutengt efni af Netinu, sögubækur ýmiskonar, auk umræðna í tímum.

Skólaíþróttir

Nemandi geti:

félagslegir þættir

- tekið þátt í æfingum og leikjum þar sem hann lærir að vinna með öðrum
- upplifað á jákvæðan hátt ástundun íþróttar, æfinga og leikja
- tileinkað sér háttvísi í leik og starfi
- lært að taka sigri og ósigri í leik og keppni

heilsa og efling þekkingar

- náð valdi á undirstöðuatriðum ólíkra íþróttagreina
- tekið þátt í æfingum, útivist og leikjum sem efla sjálfsmynd, viljastyrk og áræði
- lært helstu heiti og séreinkenni einstakra íþróttagreina
- lært og tileinkað sér reglur sem einkenna mismunandi íþróttagreinar

líkamsvitund, leikni og afkastageta

- tekið þátt í fjölbreyttum leikjum og æfingum sem veitt hafa útrás fyrir hreyfipörf og tengingu við aðra þroskapætti
- tekið þátt í æfingum og leikjum sem bæta líkamshreysti og þrek
- tekið stöðluð próf til að meta eigið þrek og líkamshreysti

öryggis- og skipulagsreglur

- tileinkað sér samskiptareglur skólaíþróttar og náð að framfylgja þeim án utanaðkomandi stýringar

Stærðfræði

Nemandi geti:

að geta spurt og svarað með stærðfræði

- spurt, tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett þær fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og rökstuðningi og fylgt rökstuðningi jafningja.
- sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.

að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar og valið hentug verkfæri eins og hlutbundin gögn, myndir, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til að rannsaka og ræða um stærðfræðileg viðfangsefni.

rúmfræði og mælingar

- notað hugtök og aðferðir úr rúmfræði til að útskýra hverstakleg og fræðileg fyrirbæri.

- rannsakað, greint og teiknað, tvívíð og þrívíð form og speglað, snúið, og hliðrað flatarmyndum.
- notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum og rannsakað aðferðir til að reikna það.
- áætlað og mælt horn, þyngd, tíma hitastig, með viðeigandi mælikvarða.

tölfræði og líkindi

- safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau m.a. með töflum og myndritum.
- sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn sem gefin eru upp í töflum og myndritum.
- reikað út líkur út frá einföldum tilvikum.

tölur og reikningur

- notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.
- reiknað á hlutbundin og óhlutbundin hátt með ræðum tölum.
- notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.
- skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur samband milli almenna brota, tugabrota og prósentu.
- notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum. leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerða og notað algengar reikniaðgerðir eins og víxlreglu, tengireglu og dreifreglu.

vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því að nota m.a. tölur, texta og teikningar.
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.
- þekki helstu hugtök um fjármál og geti nýtt sér stærðfræðina til að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn.

algebra

- skoðað og skráð talnamynstur á skipulegan hátt og lýst þeim með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunar.
- fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum og notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.

Dæmi um námsefni: Stika, Geisli - þemahefti í stærðfræði, Sproti, Stærðfræði í dagsins önn, spil og leikir.

Upplýsinga- og tæknimennt

Nemandi geti:

siðferði og öryggismál

- farið eftir reglum um ábyrga netnotkun.
- velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.

sköpun og miðlun

- notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.

tækni og búnaður

- notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.
- notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna.

upplýsingaöflun og úrvinnsla

- leitað upplýsinga á gagnrýnin hátt og nýtt við verkefnavinnu.
- nýtt rafrænt og gagnvirktt námsefni á fjölbreyttan hátt.
- unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá.

vinnulag og vinnubrögð

- nýtt rafrænt efni, bæði lesið efni og efni sem hlustað er á, til gagns í vinnu og ánægju.
- nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.
- beitt rétttri í fingrasetningu.

Elsta stig (8.-10. bekkur)

Ábyrgð heimila og skóla

Foreldrar grunnskólabarna bera ábyrgð á námi og ástundun barna sinna. Heimilin geta hjálpað börnunum með lestrarþjálfun, samskipti og heilsueflandi lífshætti sem styrkja börnin almennt sem og í námi sínu í skólanum. Hvíld, mataræði, vangaveltur um tilfinningar eða lausnir mála, jákvæðni, hugarró og hvernig á að taka þátt í daglegu lífi eru mikilvægir þættir sem börnin læra bæði heima og í skólanum. Börnin læra margt af því að fá **tækifæri**: fyrst til að fylgjast með, svo undir **leiðsögn** fullorðinna og síðan á **eigin ábyrgð**. Stundum þarf að endurmeta, breyta lítillega og æfa eitthvað betur áður en börn geta borið ábyrgð sjálf.

Endurtekning er oft nauðsynleg til að ná góðum tókum á nýrri færni.

Góð samvinna milli heimilis og skóla er lykilatriði. Stuðningur á báðum stöðum stuðlar að vellíðan barna, styrkir sjálfsmynd þeirra og eflir alhliða þroska þeirra sem gerir þau einnig að öflugri og öruggari námsmönnum í skólanum og í gegnum lífið. Nauðsynlegt er að foreldrar og kennarar finni sterku hliðar barnsins og hjálpa því að rækta þær ásamt því að styrkja betur veikari hliðar þess hvort sem þær snúa að bókviti eða verkviti.

Mikilvægt er að foreldra fylgist með námsáætlunum barna sinna og aðstoði þau með að halda utan um skipulag og skiladaga verkefna. Foreldrar eru hvattir til að spyrja barn sitt út í viðfangsefni og útskýra vinnuferli.

Þegar komið er upp á unglingastig er mikilvægt að viðhalda góðum lestrarvenjum. Foreldrar eiga stóran þátt í að viðhalda lestraráhuga barna sinna og eru mikilvægar fyrirmyndir þegar kemur að lestri. Mikilvægt er að foreldrar gefi sér tíma til að ræða bækur við börn sín, innihald þeirra, boðskap og fl. Foreldrar og nemendur eru hvattir til að nýta möguleg tækifæri heima til að lesa, skrifa og spjalla saman til að auka orðaforða, eftirtekt, færni og skilning.

Kennarar senda tölvupóst á foreldra u.þ.b. vikulega með ýmsum hagnýtum upplýsingum um viðburði, verkefni og fleira. Einnig er lögð áhersla á að kennarar hafi samband við foreldra sem fyrst ef eitthvað kemur upp á eða kennari hefur áhyggjur af barni. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við kennara vilji þeir spyrja um námið eða ræða líðan barna sinna.

Teymi elsta stigs

Umsjónarkennarar elsta stigs ásamt þroskaþjálfara og faggreinakennara mynda teymi. Teymið vinnur að skipulagningu og undirbúningi lotuvinnu og starfsmenn þess hafa samráð varðandi verkefni, kennslu, námsmat og líðan nemenda. Teymið reynir að sinna mismunandi þörfum nemenda og taka tillit til sérstöðu hvers og eins.

Lotur og samþætting námsgreina


Skólaveturinn skiptist í lotur sem eru oftast 3-4 vikur hver. Í hverri lotu er unnið með ákveðin viðfangsefni (þema). Fjölbreytt verkefni eru unnin með margs konar námsefni og mismunandi nálgun eftir því hvernig viðfangsefnið tengist hinum ýmsu námsgreinum. Í upphafi hverrar lotu fá nemendur og foreldrar upplýsingar um hvaða verkefni verða tekin fyrir og hvaða hæfniviðmið verið er að þjálfra. Hæfniviðmið eru valin úr Aðalnámskrá grunnskóla 2013 og aðlöguð. Sjá betur hér að neðan fyrir hverja grein.

Sjálfstæð vinnubrögð, einstaklingsmarkmið og námsmat

Markmið lotuvinnu er að nemendur læri að fylgjast með vinnu sinni og verkefnaskilum sjálfir og taka aukinn þátt í að setja sér markmið og skipuleggja nám sitt með stuðningi frá kennurum. Nemendur fá tækifæri til að velja sjálfir útfærslu á viðfangsefnum þó að aðalvinnan byggist á tilteknum grunnmarkmiðum. Stefnt er að því að nemendur verði öruggari og sjálfstæðari í vinnubrögðum og að skipuleggja vinnu sína. Nemendur eru hvattir til að nýta sér fjölbreyttar aðferðir, útskýra hugsun og vinnuferli í hinum ýmsu viðfangsefnum.

Nemendur safna yfir veturinn í svokallaða matsmöppu verkefnum og könnunum sem þeir hafa unnið. Þessar rauðu möppur eru sendar reglulega heim yfir veturinn og foreldrar beðnir um að lesa yfir og kvitta. Með þessu fá foreldrar tækifæri til að fylgjast með gengi barns síns í náminu.

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat. Nemendur og kennarar meta vinnu og stöðu nemenda jafnóðum með formlegum og óformlegum hætti: munnlega, skriflega, með upptökum, kynningum, jafningjamati, sjálfsmati, gátlistum, stöðluðum skimunum ásamt öðru. Reglulega yfir veturinn skrá kennarar færni nemenda rafrænt í Námfús, skráningarkerfi skólans. Þar eru birt hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskóla og geta kennarar og foreldrar fylgst með stöðu hvers nemanda. Mælikvarðinn virkar eins og stigi eða tröppur og sýnir á hvaða sviðum nemandi þarfnast frekari þjálfunar eða fleiri tækifæri til að tileinka sér ákveðna færni betur og verða sjálfstæðari í sínu.



Hæfniviðmið/meginmarkmið

Hér á eftir koma þau hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskóla sem stefnt er að hjá nemendum 8.-10. bekkjar. Dæmi eru gefin um námsefni, þó að margt annað sé einnig nýtt sem námsefni eftir viðfangsefnum, aðstæðum og einstaklingsþörfum nemenda. Fyrst eru talin viðmið fyrir lykilhæfni og síðan verða taldar upp námsgreinar og hæfniviðmið sem unnið er að. Þau hæfniviðmið sem gefin eru upp hér á eftir er miðað við að nemendur hafi náð að tileinka sér við lok 10. bekkjar.

Lykilhæfni

Nemandi geti:

tjáning og miðlun

- tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt,
- brugðist með rökum við upplýsingum og hugmyndum sem eru á margvíslegu formi, tekið þátt í rökræðum um viðfangsefni og rökstutt mál sitt af yfirvegun og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða,
- rætt á viðeigandi og skýran hátt um málefni þannig að áhugi viðmælenda sé vakinn,
- notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og viðeigandi hugtök sem tengjast margskonar umfjöllunarefni,
- nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni,
- hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum.

skapandi og gagnrýnin hugsun

- spurt rannsakandi spurninga skipulagt eigin áætlun og endurskoðað ferli við efnistöð og úrvinnslu verkefna,
- skilgreint og rökstutt viðmið um árangur,
- verið óhræddur að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika,
- tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og skapað eigin merkingu,
- beitt mismunandi sjónarhornum, gagnrýninni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.

sjálfstæði og samvinna

- tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum,
- gert sér grein fyrir hvernig hann nýtir styrkleika sína og hefur skýra sjálfsmynd,
- unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla,
- verið leiðandi í samstarfi og borið ábyrgð í útfærslu leiða að sameiginlegum markmiðum,
- nýtt hæfni sína til að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi,
- tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram.

nýting miðla og upplýsinga

- nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu,
- notað sjálfstætt og í samvinnu með öðrum fjölbreytta miðla við skipulag, nýsköpun og þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda,
- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda og verið meðvitaður um siðferðislegt gildi ábyrgrar netnotkunar og tekur ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum.

ábyrgð og mat á eigin námi

- gert sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt í námi og haft skýra sjálfsmynd,
- sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist,
- skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri.

Erlend tungumál

Nemandi geti:

Frásögn

- tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval.
- flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.

Hlustun

- fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg
- hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, og brugðist við eða unnið úr þeim

Lesskilningur

- lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum
- aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu

Menningarlæsi

- sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma.
- getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska

Ritun

- skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi

Samskipti

- tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda

Íslenska

Nemandi geti:

lestur og bókmenntir

- lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað,
- greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða,
- beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð,
- leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess,

málfræði

- beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess,
- flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna,
- áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra,
- notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni,
- gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðar mállýskna,

ritun

- beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar,
- tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun,
- beitt reglum um rétttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda,
- notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um,

talað mál, hlustun og áhorf

- flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas,
- nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar,
- hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.

Dæmi um námsefni: *Útbrot, Skerpa 1, Skerpa 2, Droplaugarsonasaga* og fleira efni.

List- og verkgreinar

Verkefni í list- og verkgreinum eru oft tengd við lotuvinnu nemenda en einnig eru unnin sjálfstæð verkefni óháð lotum. List- og verkgreinar eru textílmennt, tónmennt, myndmennt, heimilisfræði og smíðar. Árgöngum er blandað saman og skipt er í fjóra hópa þar sem hver hópur er þá aldursblandaður. List- og verkgreinar skiptast í 4 lotur þar sem hver og einn hópur klárar þá ákveðna grein áður en skipt er yfir í aðra grein.

Heimilisfræði

Nemandi geti í lok 10. bekkjar:

matur og lífshættir

- beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld
- greint frá viðbrögðum við slysum á heimilum.
- nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnninn hátt um næringarfræði, neytendamál, hagkvæmni í innkaupum, aukefni, geymslu og matreiðslu.
- skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni.

matur og vinnubrögð

- farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu.
- tjáð sig um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufari.

Dæmi um námsefni: Efni frá kennara, uppskriftir og ljósrit úr kennslubókum. Greinar og heimasíður á internetinu

Hönnun og smíði

Athugið að sömu markmið eru fyrir allt unglingastigið.

Nemandi geti:

handverk

- valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra

hönnun og tækni

- útskýrt hugmyndir sínar með fríhendis teikningu.
- unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu.
- hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, notkun og endingu.

umhverfi

- gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra.
- beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað.

Dæmi um námsefni: Þrjár tegundir af brettum: skurðarbretti, ostabretti og lítið bretti o.fl.

Sjónlistir (myndmennt)

Nemandi geti í lok 10 bekkjar:

sjónlistir

- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni.
- skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta.
- gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.

Dæmi um námsefni: Efni frá kennara, greinar og efni á internetinu.

Textílmenn

Nemandi geti:

handverk, aðferðir og tækni

- beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða
- rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði
- unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf

menning og umhverfi

- fjallað um helstu tákn og merkingar vefjarefna

- sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd

sköpun, hönnun og útfærsla

- beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu
- lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök
- skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt

Dæmi um námsefni: frjálst val á þrjóna- eða heklu verkefnum, sauma tösku, hatt o.fl. þrykk, útsaumur, leðurvinna. o.fl.

Náttúrugreinar

Nemandi geti:

ábyrgð á umhverfinu

- tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhyggju og rökrætt eigin skoðun á því,
- skoðað og skráð atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis, í framhaldi tekið virkan þátt í gagnrýnni umfjöllun um málið og gert tillögur um aðgerðir til bóta,

geta til aðgerða

- tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig meggi bregðast við breytingum en um leið tekið mið af því að í framtíðinni er margt óvísst og flókið.

gildi og hlutverk vísinda og tækni

- metið gildi þess að upplýsingum um vísinda- og tækniþróun sé miðlað á skýran hátt,
- beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingastigsins,
- skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran hafa áhrif hvert á annað,

nýsköpun og hagnýting þekkingar

- gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf í nánasta umhverfi og samfélagi og hvernig þær hafa ekki haft áhrif,
- tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi,

vinnubrögð og færni

- lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt,
- aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum,

- beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda,
- kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur,
- gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum,
- dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.

að búa á jörðinni

- skipulagt, framkvæmt og gert grein fyrir athugunum á námsþáttum að eigin vali er varða búsetu mannsins á jörðinni,
- útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar,
- útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu,
- útskýrt árstíðabundið veðurlag og loftslagsbreytingar, ástæður og afleiðingar,
- gert grein fyrir stöðu jarðar í himingeimnum og áhrifum hennar á líf á jörðu,
- rætt um notkun gervihnatta í samskiptum manna, rannsóknir og álitamál þeim tengdum.

heilbrigði umhverfisins

- gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun,
- rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna,
- nýtt frumeindakennunguna og lotukerfið til að útskýra eiginleika efna, efnabreytingar og hamskipti,

lífsskilyrði manna

- útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans, gerðir frumna, líffæri þeirra og starfsemi,
- útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun
- útskýrt hvað einkennir lífsskilyrði manna og hvað felst í því að taka ábyrgð á eigin heilsu,
- útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra,
- rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó,
- lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillífun

náttúra Íslands

- útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein- og fjölfrumunga, að erfðir ráðast af genum
- útskýrt þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum,
- útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika,

samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- útskýrt mismunandi tegundir geislunar og hvernig þær eru notaðar í fjarskiptum og lækningum,
- útskýrt einfaldar rafrásir og tengsl rafmagns og segulmagns,
- skýrt tengsl mannfjöldaþróunar við framleiðslu og dreifingu matvæla og þátt líftækninnar í þeim tengslum.

Athugið að þessi markmið skiptast svo niður á þrjú ár hjá unglingastiginu.

Dæmi um námsefni: *Maður og náttúra, Lífheimurinn, Mannslíkaminn, Eðlisfræði 1, Eðlisfræði 2, Eðlisfræði 3 og fl.*

Samfélagsfræðigreinar

Nemandi geti:

Reynsluheimur - umhverfi, samfélag, saga, menning: að skilja veruleikann

- sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs,
- sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf,
- aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi,
- rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni,
- fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður,
- útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði,
- greint mynstur mannlegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum,
- gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun,
- greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum,
- sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu,
- gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum,
- séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum,
- gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta,
- greint afmarkaða efnisþætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar,
- útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum,
- útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga,
- sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims,
- rætt og borið saman ólík trúar og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt,

- gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum,
- útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis,
- útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn,
- útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnmál, atvinnulíf og hugmyndastefnur,
- tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði,
- bent á, fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysagildrum í umhverfinu og náttúrunni.

Hugarheimur: sjálfsmynd: að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd,
- gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar,
- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt,
- lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta,
- sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði,
- greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða,
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum,

Félagsheimur: samskipti: að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta,
- sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga,
- útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.

Athugið að þessi markmið skiptast svo niður á þrjú ár hjá unglingastiginu.

Dæmi um námsefni: Þjóðfélagsfræði-Á ferð um samfélagið, Styrjaldir og kreppa, Islam, Um víða veröld-Jörðin, Frelsi og velferð - saga 20. aldar, Árið 1918, Hindúatrú, Um víða veröld - heimsálfur, Blessað stríðið, Villta vestrið, Búddha o.fl

Skólaíþróttir

Nemandi geti:

félagslegir þættir

- þroskað með sér góða siðferðiskennd í íþróttum
- bætt sjálfsmynd sína varðandi íþróttir, hreyfingu og útiveru

heilsa og efling þekkingar

- fundið sér leið til iðkunar íþróttanna eða líkams- og heilsuræktar
- nýtt sér náttúru og umhverfi til líkams- og heilsuræktar

líkamsvitund, leikni og afkastageta

- tileinkað sér helstu atriði sem einkenna heilbrigðan lífsstíl
- öðlast skilning á mikilvægi íþróttanna, útivistar og hreyfingar út frá félags- og menningarlegu sjónarmiði
- bætt liðleika sinn, líkamsreisn og hreyfigetu með fjölbreyttum æfingum

öryggis- og skipulagsreglur

- tileinkað sér helstu öryggis- og umgengnisreglur á nýjum vettvangi

Stærðfræði

Nemandi geti við lok 10. bekkjar:

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga og meta þær, finna lausnir, m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna og gefið öðrum viðbrögð, m.a. með því að spyrja markvisst

Tölur og reikningur

- gefið dæmi um mismunandi framsetningu hlutfalla og brota, skýrt sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu
- leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum
- notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum
- notað rauntölur og greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum

Tölfræði og líkindi

- framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljun koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar

- notað tölfræðihugtök til að skipuleggja, framkvæma og túlka tölfræðirannsóknir, framkvæmt og dregið ályktanir af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu, notað einföld líkindahugtök og talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum

Rúmfræði og mælingar

- mælt ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu
- notað mælikvarða og unnið með einslaga form, útskýrt setningu Pýþagórasar og reglu um hornasummu í marghyrningi og beitt henni í margvíslegu samhengi. Einnig gert rannsóknir á rétthyrndum þríhyrningum og reiknað hliðarlengdir og horn út frá þekktum eiginleikum
- notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar, nýtt einslögun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna og greina rúmfræðilega hluti, sett fram einföld rúmfræðileg rök, mælt og reiknað lengd, flöt og rými og nýtt tölvur til þessara hluta
- teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað, lýst og metið samband milli hlutar og teikningar af honum

Algebra

- ákvarðað lausnir á jöfnum og jöfnuhneppum með myndritum og lýst sambandi breytistærða með föllum
- leyst jöfnur og einfaldar ójöfnur, leyst saman jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg vandamál, rætt um lausnir og nýtt margvísleg hjálpartæki til stærðfræðilegra verka, þar með talin tölvutækni
- valið og notað margvísleg verkfæri, þar með talin tölvutækni, gert sér grein fyrir möguleikum þeirra og takmörkunum, notað þau markvisst til að rannsaka stærðfræðileg efni og setja fram niðurstöður sínar

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit, jöfnur og föll
- tjáð sig um stærðfræðileg efni og um veruleikann með tungumáli stærðfræðinnar, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett viðfangsefni fram á fjölbreyttan stærðfræðilegan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdafærslu, sett fram, greint, túlkað og metið stærðfræðileg líkön

Dæmi um námsefni: Grunnefnið eru stærðfræðibækurnar Skali 1, 2 og 3 á unglingastigi. Auk þeirra er notast við ýmist ítarefni af netinu, þrautir, verkleg verkefni og margt fleira.

